



Fundargerð 67. fundar stjórnar Reykjavíks jarðvangs ses., haldinn 8. desember 2022, kl. 08:30 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Reykjavísbæ.

Mætt eru: Magnús Stefánsson, Kjartan Már Kjartansson, Arnbjörn Ólafsson, Fannar Jónasson, Gunnar Axel Axelsson og Jóhann Snorri Sigurbergsson

Áheyrnarfulltrúi: Sigrún Ásta Elefsen

Forföll: Árni Sigfússon, Hanna María Kristjánsdóttir og Berglind Kristinsdóttir

Starfsmenn: Daníel Einarsson og Þuríður Aradóttir Braun sem ritaði fundargerð

#### Dagskrá fundarinnar:

##### 1. Stjórn skiptir með sér verkum. Kosning formanns og varaformanns.

Fannar Jónasson er samhljóma kosinn formaður stjórnar. Kjartan Már Kjartansson kosinn varaformaður.

Stjórn þakkar fráfarandi formanni fyrir vel unnin störf.

##### 2. Starfs- og fjárhagsáætlun RGP

Starfs- og fjárhagsáætlanir voru lagðar fyrir aðalfund Reykjavíks jarðvangs 25.11.2022, sem vísaði málinu til nýrrar stjórnar.

Stjórn ræddi fjárhagsáætlun og verkefni jarðvangsins fyrir næsta ár. Nokkur stór verkefni eru fyrirhuguð á árinu, þar með talið þróun gestastofa jarðvangsins í Kvikunni og Duus húsum.

Skoða þarf frekari fjármögnun verkefna og verkefnastjóra falið að taka saman möguleika um styrki í samstarfi við Geocamp.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun.

Verkefnastjóri rifjaði upp starfsáætlun frá aðalfundi jarðvangsins. Eitt stærsta verkefni jarðvangsins er úttekt UNESCO sumar 2023 sem þarf að vinna að í samstarfi við hagsmunaaðila á svæðinu. Ferli úttektar er nú þegar hafið með skil á skýrslum og verkefnayfirlitum. Mikilvægt er að fara í stefnumótun fyrir jarðvanginn og að hægt sé að meta árangur verkefna og eins að setja stefnu í markaðs- og kynningarstarfi um leið og unnið er í vörumerkjahandbók hans.

Stjórn samþykkir starfsáætlun og verkefnastjóra falið að setja upp kostnaðaráætlun fyrir endurprentun/prenta nýtt upplag af ljósmyndabók um Reykjavík.

##### 3. Stefnumótun Reykjavíks jarðvangs

Umræða var í stjórn um hvað þarf að koma út úr þessari vinnu. Fara þarf í greiningar vinnu á stöðu jarðvangsins og í kjölfarið farið í stefnumótunarvinnuna. Að því loknu er framkvæmd og eftirfylgni.

Verkefnastjóra falið að safna tillögum að aðilum til að vinna stefnumótun og koma með tillögum að tilboðsgerð.



Verkefnastjóra falið að undirbúa vettvangsferðir fyrir stjórn; innan jarðvangsins, til fyrirtækja, til Kötlu jarðvangs og eins að setja upp plan um stjórnarfundi í öllum sveitarfélögum.

#### 4. EGN ráðstefna 2024

European Geoparks Network auglýsti eftir umsóknum félaga um að halda næstu ráðstefnu netverksins haustið 2024. Reykjanes jarðvangur sendi inn umsókn sem nú er verið að meta til að senda áfram til efnislegrar meðferðar. Ef umsóknin kemst áfram, munu fulltrúar jarðvangsins kynna umsóknina á vorkundi EGN í Rúmeníu í mars og mun lokaákvörðun um ráðstefnustað liggja fyrir í apríl 2023.

#### 5. International Geoparks Conference 2023 í Marokkó

Næsta alþjóðlega ráðstefna UNESCO og Global Geoparks Network verður haldin 5.-10. september 2023.

#### 6. Næsti fundir stjórnar

Lagt er til að halda fundi stjórnar annan föstudag í mánuði fram á vor með undantekningum ef óskað er eftir því. Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 20. janúar 2023

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 9.50